




Fjallabyggð



Hestamannafélagið Glæsir kt. 590990-2059 hér eftir nefnt „Glæsir“ og Fjallabyggð kt. 580706-0880 hér eftir nefnd „Fjallabyggð“ gera með sér svofelldan

## SAMNING

um bætur vegna innköllunar á 10,8 hektara svæðis sem Glæsir hafi samkvæmt samningi dagsettum 25. maí 2009, Ræktunarsamningur fyrir skeiðvelli og aðra aðstöðu og innkallaður var með bréfi bæjarstjóra Fjallabyggðar 11. júní 2012.

### 1. grein

Glæsir fær úthlutað tímabundið 10,8ha beitarlandi í Skútdal (sjá teikningu 1) í stað þess beitarlands sem félagið hafði í Hólsdal. Fjallabyggð girðir nýja beitarhólfíð með löglegri rafmagnsgirðingu fyrir hesta. Girðingarvinnu skal lokið fyrir 1.september 2013.

### 2. grein

Fjallabyggð mun tryggja vatn fyrir hross og lagfæra girðingar á því beitarsvæði sem ekki var innkallað í Hólsdal skv. bréfi 11. júní 2012. Nánar tiltekið er um að ræða 9,1 hektara hólf í Hólsdal (sjá teikningu 2). Framkvæmdum samkvæmt þessum lið skal lokið 1.september 2013.

### 3. grein

Glæsir fær varanlega úthlutað 10,8 hektara beitarlandi austan Hólsár (sjá teikningu 3). Gerður skal sérstakur samningur um svæðið þar sem réttindi og skyldur Glæsis og Fjallabyggðar eru sambærilegar og í ræktunarsamningi frá 25. maí 2009. Þegar þinglýst verður viðauka við samninginn frá 25. maí 2009 þar sem svæðið er minnkað vegna umræddara innköllunar skal nýjum samningi um beitarlandið í Hólsdal verða þinglýst. Miðað er við að þegar nýr golfvöllur hefur verið tekinn í notkun vestan Hólsár fái Glæsir afhent svæðið austan Hólsár, þó eigi síðar en 1 ágúst 2015.

### 4. grein

Fjallabyggð girðir svæðið sem úthlutað er samkvæmt grein 3 með löglegri rafmagnsgirðingu fyrir hesta og skal framkvæmdum lokið eigi síðar en 1. júní 2016. Þegar Fjallabyggð hefur girt svæðið austan Hólsár samkvæmt 3. grein skal tímabundið beitarland í Skútdal skv. 1. grein afturkallað. Fjallabyggð er heimilt að endurnýta girðingarefnini úr Skútdal við girðingar austan Hólsár að því marki sem girðingarefnin telst jafn gott og nýtt.

### 5. grein

Sem bætur fyrir mannvirki á svæði Glæsis sem innkallað hefur verið þá leggur Fjallabyggð reiðveg á austurbakka Hólsár frá brú og suður fyrir svæðið sem úthluta er samkvæmt grein 3 og tengist núverandi reiðvegi Glæsis í Hólsdal (sjá teikningu 3) Framkvæmdum samkvæmt þessum lið skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 2015.

6. grein

Fjallabyggð lagfærir veg og stæði að umræddu svæði austan Hólsár þannig að auðvelt sé að koma að því og athafna sig með bíl og hestakerru (sjá teikningu 3). Framkvæmdum samkvæmt þessum lið skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 2015.

7. grein

Fjallabyggð sér til þess að farmkvæmdir sem kveðið er á um í samningi þessu séu í samræmi við skipulag og gera breytingar á skipulagi ef þarf.

8. grein

Fjallabyggð tryggir að núverandi reiðvegur á framkvæmdasvæði golfvallar vestan Hólsár verði reiðfær fyrir hestamenn á meðan á framkvæmdum við golfvöll stendur.

9. grein

Hlutverk Glæsis er að hafa eftirlit með uppbyggingu reiðveganna og að girðingar séu í lagi við afhendingu. Þegar Fjallabyggð hefur afhent girðingar samkvæmt samningi þessum sér Glæsir um viðhald. Tæknideild bæjarfélagsins mun og sinna eftirliti með slíkum framkvæmdum enda sé uppbyggingin í samræmi við samþykkt skipulag eins og það er á hverjum tíma. Glæsir getur sótt um í reiðvegasjóð L.H vegna þessar framkvæmda og ef styrkur fæst skal hann renna til framkvæmda á svæðinu.

10. grein

Verði töf á framkvæmdum eða afhendingu hólfu samkvæmt greinum 1 til 6 skal Fjallabyggð greiða hestamannafélaginu bætur eftir samkomulagi. Náist ekki samkomulag skal Fjallabyggð kalla til dómkvadda matsmenn.

11. grein.



Þar sem samningur þessi er vegna bóta er hann ekki uppsegjanlegur.

12. grein

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

Fjallabyggð 23. september 2013


Í stjórn Hestamannfélagsins Glæsis


  
Elín S. Hjartansd.  
  
Gunnar M. Ólafsson  
  
Freysteinn Ragnarsdóttir  


Fh. Fjallabyggðar  
(með fyrirvara um samp. bæjarráðs)


Vottar að réttri dagsetningu  
og undirskrift aðila:

  
Anna Kr. Sig.  
150873-4879


  
Ámar Freyr Ólafsson  
Kt. 130590-3739



N

**Fylgiskjal nr. 1**


Samþykkt í bæjarráði:

Fjallabyggð  
Bæjarstjóri

Umrnál beitarhólfssins er 1440 m.

Gránugötu 24  
580 Siglufjörði  
Sími 464-9100**SIGLUFJÖRÐUR****LÓÐARBLAÐ**  
**SKÚTULÖND**

Samþykkt	Hannad	Teknað	Dags.	Nr.
AFB		23.9.2013		053



Fylgiskjal nr. 2

Samþykkt í bæjarráði:



Ummál beitarhólfssins er 1353 m.

SIGLUFJÖRÐUR



Fjallabyggð

LÓÐARBLAÐ  
HÓLSDALUR (vestan)

Gránugötu 24  
580 Siglufirði  
Sími 464-9100

Samþykkt	Hannáð	Teknað	Dags.	Nr.
	Afb		23.9.2013	055

